baráttan um ímynd Guðs

Ímynd Guðs og frumkvöðlar aðventista 2 af 4

LYKILVERS — RÓMVERJABRÉFIÐ 8.29 OG 2 KORINTUBRÉF 3.18; 4.4

HVAÐ ER GUÐ AÐ GERA?

Fyrr í vikunni ók ég fram á lík, nokkra metra frá veginum, sem hafði verið skotið mörgum sinnum í líkamann og höfuðið. Þriðji nakti veitingastaðurinn er að opna í Japan, þar sem maður þarf að afhenda öll klæði sín við dyrnar. Stúlka í Florida skaut sjálfa sig með byssu móður sinnar eftir að samnemendur höfðu lagt hana í einelti með því að dreifa nektarmyndböndum af henni. Í gær skrifaði Joe Biden, varaforseti Bandaríkjana, opið bréf á samfélagsmiðlum, til fórnarlambs nauðgunar sem átti sér stað þar sem hún lá meðvitundarlaus eftir að hafa hnigið niður bakvið ruslatunnur vegna ofurölvunar.

Þegar þú leggur þessar myndir við erfiðleikana í þínu eigin lífi, þá getur vel verið að þú spyrjir þig; Hvað er að gerast? Hvers vegna er lífið svona? Svarið felst í því sem Aðventistar kalla deiluna miklu.

YFIRLIT BARÁTTUNNAR

1—Ásetningur Guðs

Til að byrja að skilja þetta, lítum þá á vers sem mér hefur fundist mjög hjálplegt til skilnings á því hvað Guð er að gera í heiminum.

- **Rómverjabréfið 8.29** Þau sem hann þekkti fyrir fram hefur hann og fyrirhugað til þess að mótast eftir mynd sonar síns svo að hann sé frumburður meðal margra systkina.

En hvernig mun Guð móta þig til myndar sonar síns?

2—Áform Guðs

Páll útskýrir það þannig að áform Guðs fyrir þig "til að mótast eftir myndar sonar síns" gerist þegar þú berð augum dýrð Jesú.

- **2 Korintubréf 3.18** En við sjáum öll með óhjúpuðu andliti dýrð Guðs endurspeglast í Kristi og andi hans lætur okkur umbreytast eftir þeirri sömu mynd til enn meiri dýrðar.

3—Vandamál Guðs

En það er einn hængur á — Satan vinnur hörðum höndum að því að skyggja á dýrð Jesú með því að blinda augu þín.

- **2 Korintubréf 4.4** Því guð þessarar aldar hefur blindað huga vantrúaðra til þess að þeir sjái ekki ljósið frá fagnaðarerindinu um dýrð Krists, hans sem er mynd Guðs.

Þessi blinda skýrir hvers vegna fólk er skotið — jafnvel á sveitavegunum þar sem ég bý, hvers vegna fólk hefur tapað allri siðferðiskennd, og hvers vegna fólk fyllist algerri örvæntingu.

ÍMYND GUÐS OG HIN MIKLA BARÁTTA

Það er þess vegna sem við glímum við okkar eigin synduga sjálf. Við stöndum í miðju ákafrar, alheimsdeilu milli tveggja yfirnáttúrulegra afla þar sem brennidepill deilunnar er eitt megin atriði — ímynd Guðs í mannlegum verum — sem Satan vill eyðileggja, og Guð vill endurvekja. Það er þessi barátta um ímynd Guðs í lífi okkar sem ég mun leitast við að skýra út frá frumkvöðlum Aðventista.

frelsun — frá afleiðingum syndarinnar

WW Prescott vísar til þriggja Biblíuversa þegar hann dregur saman þá sviðsmynd sem ég hefur stuttlega vísað til sem deilunnar miklu milli Guðs og Satans.

- **1. Mósebók 1.27** Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu.
- **Rómverjabréfið 3.23** Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.
- **1 Korintubréf 15.49** Og eins og við höfum borið mynd hins jarðneska munum við einnig bera mynd hins himneska.

> Prescott kemst svo að þessari niðurstöðu, "Þessir þrír ritningarstaðir varpa skýru ljósi á þessi atriði: Maðurinn var skapaður í Guðs mynd; allir hafa syndgað, hafa tapað ímynd Guðs og hafa hina jarðnesku mynd; það er ásetningur Guðs að endurnýja þessa töpuðu ímynd. Nú erum við í þessu ferli, ef svo má segja, að endurnýja ímynd Guðs." Því ritaði AT Jones: "Þetta er frelsunarverkið, að endurnýja ímynd Guðs í sálinni, að koma til hugans endurvarpi, skini réttlætisins, hugsun hins lifandi Guðs".

Þarna er áherslan á hið biblíulega sjónarhorn að hjálpræðið snýst ekki aðeins um að ég komist til hinna himnesku heimkynna, heldur snýst hjálpræðið um frelsun frá syndinni sem tortímir mér. Eins og Ellen White leggur einnig áherslu á, "Megin stef Biblíunnar, það stef sem öll önnur í bókinni þyrpast um, er endurlausnar áformið, endurreisn ímyndar Guðs í mannlegri sál".

sköpun — í mynd Guðs

Við höfum séð í 1. Mósebók 1.27 hvernig við erum sköpuð í Guðs mynd. Ellen White bætir við, "Maðurinn er Guði mjög kær, því hann var mótaður í hans eigin mynd". Hún tekur einnig fram að við sköpunina:

> "skyldi maðurinn vera ímynd Guðs, bæði að ytra sviptmóti og lyndiseinkunn" sem þýddi að eðli hans var í samhljóman við vilja Guðs. Hugur hans var fær um að skilja guðdómlega hluti. Ástúð hans var hrein, langanir og tilfinningar lutu stjórn skynseminnar. Hann var heilagur og hamingjusamur berandi ímyndar Guðs, og í fullkominni hlýðni við vilja Hans".

fallið og ímynd Guðs

En hörmungar dundu á þar sem vísvitandi árás á ímynd Guðs var áformuð. AT Jones skýrir svo frá; "Þau [Adam og Eva] syndguðu. Dýrðin hvarf á braut. Ímynd Guðs hvarf. Þau endurspegluðu ekki lengur ímynd og dýrð Guðs, heldur ímynd og skömm annars."

> Ellen White ritar svo, að þetta hafi ekki verið slys, "ímynd Guðs birtist í Kristi, og í ráðum Satans var ákveðið að Hann [Jesús] skyldi yfirbugaður." "Frá upphafi hefur það verið úthugsað áform Satans að maðurinn skyldi gleyma Guði... Satan vonaðist til að rugla hugi þeirra sem hann hafði blekkt þannig að Guð yrði færður úr vitund þeirra. Þar næst ætlaði hann að afmá hina guðlegu ímynd úr manninum og koma sinni eigin líkingu í sálina." "Satan fagnaði því að hafa vanvirt ímynd Guðs í mannkyninu."

miðpunktur skaðans—hugurinn

En hvernig hefur ímynd Guðs í mönnunum verið "afmáð" eða "vanvirt"? Miðpunktur árásarinnar er hugurinn, því það er hugurinn sem aðgreinir mannkynið frá öðru í sköpunarverkinu. Við að missa tökin á huga mínum og stjórnast alfarið af hvötum og tilfinningum er ég færður niður á stig dýrslegrar eðlishvatar, sem eyðileggur ímynd Guðs í mér. Ellen White segir, "Það er sönn upphafning hugans, en ekki tilgerðarlegir yfirburðir, sem móta manninn. Rétt ástundun hugaraflsins gera manninn að því sem hann er."

> AT Jones segir, "það er einbeitt starf Satans að eyðileggja ímynd Guðs í manninum. Hann ætlaði sér að gera greind mannsins, hina háleitustu, göfugustu gjöf, að hinu skaðlegasta verkfæri til að menga allt sem hann snertir með synd."

Þó svo að baráttan sé áköf og ég kunni að gera mistök, leyfir Guð ekki eyðileggingu huga míns svo auðveldlega,

> Hugur manns eða konu hverfur ekki í einu vetvangi frá hreinleika og heilagleika til ósóma, spillingar og glæpa. Það tekur tíma að umbreyta hinu mennska til hins guðlega, eða lítillækka þá sem eru mótaðir í Guðs mynd til hrotta eða hins djöfullega. (Ellen White)

tvær ástæður skemmda

Margir aðventhöfundar fyrr á tíð lýstu ýmsum athöfnum sem afleiðingum eyðileggingar ímyndar Guðs, eins og "að vera heillaður af tísku", "gleyma bænafundum", misbrest foreldra við að ala á guðrækni í fjölskyldum sínum, þrælahald, sjálfstraust, að skorta áhuga á velferð annara. En í 700 tilvísunum í ímynd Guðs í ritum frumkvöðlana, standa tvær ástæður skemmda upp úr — 1) áfengi og 2) sjálfsfróun.

Áfengi White skrifar, "maðurinn leggur að vörum sínum, sjálfviljugur, sopann, sem vanvirðir niður fyrir stig hrottans, þann sem var mótaður í Guðs mynd." Hún heldur áfram "Skynsemin er lömuð, vitsmunir sljóvgaðir, dýrslegar hvatir örvaðar og svo fylgja hinir smánarlegustu glæpir" sem lýsa því hvernig Satan innblæs áfengislöggjöfina sem "eyðileggur verur skapaðar í Guðs mynd."

Sjálfsfróun Greinar White um sjálfsfróun eru gefnar út 1864, 1870, 1871 og 1889 þar með talinn 7500 orða bæklingur sem beint er til mæðra. Hún lýsir því hvernig ávaninn knésetur ímynd Guðs og stimplar í hennar stað mynd eyðandans."

hvers vegna Jesús kom til jarðarinnar

En í þessari baráttu erum við ekki einsömul. White skrifar, "alla tíð, sá Kristur árangur ætlunarverks síns...með því að fórna lífi sínu fyrir mig, ætlaði hann að endurreisa mannkynið til ímyndar Guðs. Hann skyldi lyfta okkur upp úr duftinu, endurmóta lyndiseinkunina eftir fyrirmynd hans eigin lyndiseinkunnar, og gera hana fallega með sinni eigin dýrð."

NOTAGILDI

- Með hvaða hætti finnst þér þú vera blindaður af "guði þessarar aldar" (2 Kor 4.4) og hvaða afleiðingum hefurðu tekið eftir í lífi þínu, sem þú þarft að bregðast við núna?

1	2	3	4
LIFE POINT	LIFE POINT	LIFE POINT	LIFE POINT
Miðpunktur deilunnar miklu er ímynd Guðs í mér	hjálpræðið felst í því að vera endurnýjaður í Guðs mynd	eyðilegging ímyndar Guðs hefst í huga mínum	ástæða þess að Jesús kom til jarðar og dó, var að endurgera ímynd hans í mér.